

## 8. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

## 9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal hreppsnefnd heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

## 10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 með breytingu á sömu lögum nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Hafnarhrepps, Höfn, Hornafirði.

### Vatnsskattur.

## 1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitu Hafnarhrepps, skal greiða tengigjald kr. 20.00 á hvern rúmmetra húss, allt að 2000 rúmmetrum að stærð, en kr. 12.00 á hvern rúmmetra sem þar er umfram.

Lágmarkstengigjald er kr. 10 000.00.

## 2. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Hafnarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal árlega greiða vatnsskatt er nemi 0.30% af fasteignamatsverði húsa og lóða þeirra. Vatnsskattur skal þó aldrei lægri vera en kr. 4000.00 á hverri húseign eða sjálfstæðri íbúð.

Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

### 3. gr.

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjum, þvottahúsum, iðnaðarfyrirtækjum, gistihúsum, frystihúsum, verbúðum, bensínafgreiðslum, þvottaplönnum o. fl. skal greiða vatnsskatt er nemi 0.30% af fasteignamatsverði húsa og lóða. Þó aldrei minna en kr. 6000.00 af hverri húseign. Auk þess er vatnsveitunni heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytissölur, greiða kr. 25 000.00 á ári fyrir vatnsafnotin.

### Aukavatnsskattur.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, skal þá greiða krónur 8.00 — átta krónur — af smálest, auk þess vatnsskatts, sem um getur í 3. gr. Vatnsveitan sér um útvegum og uppsetningu mælanna.

Þó eru þvottaplön fyrir bifreiðar undanskilin, ef þau greiða vatnsskatt samkv. síðustu málsgrein 3. greinar.

#### 5. gr.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist kr. 80.00 fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 160.00 fyrir fiskiskip og kr. 220.00 fyrir önnur skip. Þó skal vatnsveitunni heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Höfn í Hornafirði.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða að hafnarsjóður Hafnarhrepps greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun. Enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fer fram við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

#### 6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

#### 7. gr.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 1986 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu um allt að 50%, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

#### 8. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts ár hvert er hinn sami og gjaldldagi fasteignaskatts. Vatnsskattur samkvæmt 4. gr. fellur í gjaldldaga mánaðarlega, eða við aflestur mælis.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjaldldaga með forgangsveði fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

#### 9. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns vegna skips.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð, nr. 58 21. febrúar 1973, um holræsi í Hafnarhreppi, Höfn, Hornafirði.

### 1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standast þann kostnað er húseigendum, sem eiga hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs, sem nemur 0.20% af fasteignamatsverði húss og lóðar, samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 frá 29. apríl 1963.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei lægri vera en kr. 1500.00.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1986 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um vatnsveitu á Höfn í Hornafirði.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

### 2. gr.

Stjórn vatnsveitunnar skipa 3 aðalmenn og 3 til vara, kosnir af hreppsnefnd Hafnarhrepps til fjögurra ára. Byggingarfulltrúi skal vera einn aðalmanna. Annast